



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Bjartahlíð

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	5
3 Mat barna	6
4 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	8
5 Innra mat allra deilda	10
6 Innra mat sérkennslu.....	11
7 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	12
8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	13
9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	13
10 Foreldrasamvinna.....	14
11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	14
12 Fylgiskjöl	15



Leiðarljós leikskólans

Í Björtuhlíð er lögð áhersla á að skapa lýðræðislegt og hvetjandi skólasamfélag. Leikskólinn er vettvangur þar sem nýttar eru fjölbreyttar leiðir til að efla alhliða þroska einstaklingsins í leik og starfi. Starfsfólk leikskólans hefur valið sér þrjú gildi sem leikskólinn stendur fyrir, þau eru:

Gleði – samvinna - jákvæðni

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2023-2024 var með frekar hefðbundnum hætti. Aðlögun nýrra barna gekk vel og einnig aðlögun barna milli húsa. Ekki voru miklar breytingar á starfsmannahópnum frá fyrra ári.

Arndís Bjarnadóttir sem verið hefur leikskólastjóri Björtuhlíðar frá 2011 létt af störfum í ágúst 2023. Þar sem ekki tókst að ráða leikskólastjóra tók Kristín Gunnarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri við leikskólastjórn á síðasta skólaári. Rakel Ólafsdóttir var svo ráðin leikskólastjóri og hóf hún störf í ágúst 2024.

Það er alltaf fengur fyrir leikskólann að vera með kennaranema. Á skólaárinu voru tveir starfsmenn í leiksólakennaranáminu og annar þeirra lauk námi í vor. Einn starfsmaður var auk þess í leikskólaliðanámi.

Þetta árið lögðum við áherslu á heilbrigði og velferð í innleiðingu Menntastefnu. Meðal annars var unnið tannheilsuverkefni sem kemur til með að verða árlegt verkefni í mars mánuði.

Í Björtuhlíð er hefð fyrir vísindaleikjum og vísindastarfi. Á hverju hausti er haldin vísindavika þar sem settar eru upp stöðvar þar sem börnin geta leikið sér með fjölbreyttan efnivið og kannað ýmis undur vísindanna. Sögugerð hefur fest sig í sessi á elstu deild og markvissari vettvangsferðir eru á öllum deildum.

Það er ánægja hjá starfsfólk og börnum með Bambahúsið, sem er gróðurhús, sem við erum með á lóð Grænuhlíðar. Börnin taka virkan þátt í að sá fræjum og rækta plöntur. Sett voru niður markmið með Bambahúsinu og verkefnastjórar fyrir hverja deild halda utan um verkefnið.

Skólaárið 2023 -2024 hófust skráningar starfsmanna í svokallaðan samskiptahring. Markmiðið með skráningunum er að öll börn í leikskólanum eigi í gæðasamskiptum við starfsmenn.



Samskiptaskráningar eru mat á samskiptum og gefa okkur vísbendingar um hvort árangur hafi náðst. Ánægja er með samskiptaskráningarnar meðal starfsmanna og eru þær gerðar yfir allt skólaárið.

Á næsta skólaári verður haldið áfram með innleiðingu nýrrar menntastefnu. Áhersla verður lögð á sjálfseflingu.

Kosið var í foreldraráð og stjórn foreldrafélags á foreldrafundi í byrjun nóvember. Foreldraráð var í samráði með stjórnendum skólans þegar sumarlokun leikskólans var ákveðin. Stjórn foreldrafélagsins skipulagði sumarhátíð leikskólans með starfsfólk.

Starfsmannahópurinn í Björtuhlíð er samheldinn, faglegur og sífellt til í að leita nýrra leiða til að efla leikskólastarfið.



2 Innra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór metið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Samskiptaskráningar	Umræður á deildafundum Spurningalista svarað	Deildastjórar og starfsfólk deilda	Starfsfólk meðvitaðra um að eiga í góðum samskiptum við öll börnin á deildunum Unnið verður áfram með samskiptahringinn
Tannverndarvika	Spurningalista svarað	Deildastjórar og börn á elstu deild	Börnin áhugasöm. Gott samstarf milli deilda í Grænuhlíð. Bæta þarf samvinnu um verkefnið við yngri barnadeildir í Stakkahlíð. Verkefnið verður ávisst í marsmánuði.

Mat á Samskiptahring, samantekt frá deildum.

Allir deildarstjórar voru sammála um að notkun á Samskiptahringnum á deildum hefði orðið til þess að auka samskipti starfsmanna við öll börn og sérstaklega þau sem alla jafna fá ekki mikla athygli.

Umsagnir deildastjóra:

Það er mjög mikilvægt að nýta þetta verkefni áfram í starfinu þar sem það eykur málörvun og samskipti, skapar rými til virkrar þátttöku barna og að þau finni að þau tilheyri hóp og þannig skapar það börnum fleiri námstækifæri.

Frábært verkfæri fyrir ófaglærða og nýtt starfsfólk til þess að hafa eitthvað í höndunum til þess að efla samskipti beirra við börnin. Myndi telja að slíkt verkfæri gerði þau öruggari með



sig og þau hafa eitthvað fyrir stafni. Samskiptahringurinn ætti því að gera alla virkari og áhugasamari í starfinu sem ætti síðan að smitast til barnanna.

Samskiptahringurinn nýtist sem útgangspunktur fyrir umræður um samskipti kennara við börnin, t.d. á deildarfundum þegar farið er yfir hlutina.

Flestir starfsmenn reyndu að nota jákvæð samskipti við börnin. Starfsmenn voru meðvitaðri að nota meiri jákvæðari samskipti við börnin sem þeir töldu sig vera í neikvæðum samskiptum við, t.d að tala meira við börnin sem voru með hegðunarerfiðleika. Þegar barnið sýnir æskilega hegðun að gefa því þá mjög góða athygli og spjalla við barnið með opnum spurningum.

Tækifæri til umbóta í þessu verkefni eru, að það þarf að leggja áherslu á að deildarfundir séu haldnir reglulega. Árangur af samskiptahringnum ræðst af því að starfsfólk fái tíma til samtals um börnin og geti rýnt í samskipti. Stefnt er að úrbótum að þessu á næsta skólaári.

Mat á Tannverndarviku, samantekt frá deildum.

Allir deildarstjórar eru sammála um að halda áfram með tannverndarviku sem við vorum með í fyrsta skipti í vetur. Börnin voru almennt áhugasöm um verkefnin sem unnin voru í vikunni. Foreldrar sýndu verkefninu áhuga og móðir kom með skemmtilegan efnivið frá tannlæknastofu sem við nýttum í verkefninu.

Tækifæri til umbóta á þessu verkefni eru, að það þarf að vera betri samvinna og miðlun hugmynda milli húsa. Allir deildarstjórar voru sammála um að verkefnið hefði mátt fá lengri undirbúning. Stefnt er að úrbótum að þessu á næsta skólaári.

3 Mat barna

Börnin á elstu deild téku þátt í mati á Tannverndarviku

Spurningar til barna í Grænuhlíð


- Hvað var skemmtilegt í tannverndarvikunni?**

M: Að knúsa bangsana..

J: Ekkert, það er leiðinlegt að bursta tennurnar

K: mmm... að bursta bangsana, líka skemmtilegt að lesa um Karius og Baktus

B: mmm... að bursta drekana



- **Myndir þú vilja gera eitthvað meira sem tengist tannheilsu (tönnnum)? Hvað þá?**
M: Ég veit það eiginlega ekki...

J: Vera að eilífu heima, aldrei í leikskólanum, alltaf í sumarfríi.

K: Ég veit það ekki.

B: Fara og skoða tennurnar, taka mynd af tönnunum og lita þær.

- **Hvað lærðir þú um tennur í tannverndarvikunni?**

M: Lærði að bursta tennur og setja tannþráð.

J: Nei, ekkert.

K: Að bursta tennurnar og við lærðum um Karíus og Baktus.

B: Já, sko þegar þær eru orðnar mjög lausar, eins og mín, þá er hægt að taka þær úr.



4 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAÐTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
	Að Stjórnendafund ir verði regulegir í vetrarstarfinu	Að fundir séu ekki stöðugt að falla niður vegna starfsmannaeklu	Leikskólastjóri og aðs.sk.stj.	Haust 2024	Vor 2025	Gera skal fundaáætlun um fundi að hausti og að vori	Að allir fundir sem búið er að ákveða verði haldnir
Uppeldis- og menntastarf							
Sjálfsefling	Að börn séu virkir þátttakendur í skólastarfinu Að börn hafi áhrif á eigið nám	Að börnin hafi val um verkefni, efnivið og vinnubrögð Börnin vinna verkefni sem reyna á sjálfstæði, samvinnu og sköpun	Stjórnendur og deildastjór ar bera ábyrgð en allt starfsfólk sér um að framkvæma	Haust 2024	Vor 2025	Metið með samtölum á deildastjórafundum og deildarfundum. Viðtöl við börnin.	Skráningar á verkefnum skoðaðar.
Mannauður/ Leikskólabragu r							
Samvinna	Auka samvinnu milli húsa	Fleiri sameiginlegir deildastjórafundir. Heimsóknir milli húsa.	Stjórnendur og deildastjór ar bera ábyrgð en allt starfsfólk sér um að framkvæma	Haust 2024	Vor 2025	Rýnhópur deildarstjóra	Fjöldi sameiginlegr a funda og heimsókna



Nýr leikskólastjóri tók við þann 1. ágúst og mun leikskólinn fara í áherslu breytingar á næsta skólaári. Á nýju skólaári stefnum við að:

Vinna heildstæðara með samskiptahringinn inni á öllum deildum þar sem við rýnum samskipti okkar við börnin. Með þessari aðferð er passað uppá að ekkert barn verði útundan í athygli starfsmanna. Leikskólinn hefur verið að vinna að þessari aðferð síðastliðin ár þar sem starfsmaður hér skrifat í lokaritgerð sína um þessa aðferð. Okkur fannst hún áhugaverð og þess virði að halda áfram með.

Fjölmennung víesar til staða þar sem ólíkir einstaklingar með margvíslega menningu (menntun, aldur, kyn, kynhneigð, lífstíl, hefðir, siði, trú og þjóðerni) býr og starfar saman á jafnréttisgrundvelli. Hér í Björtuhlíð hefur ekki verið markviss móttökuáætlun fyrir börn af fjölmennigarlegum uppruna og ætlum við að fara í breytingar á því. Borgin býður upp á marga möguleika á móttöku foreldra og barna af erlendum uppruna og ætlum við að vera duglegri að nýta okkur þá þjónustu. Brúarsmiðir eru starfsmenn borgarinnar sem sjálfir eru fjölyngdir og geta á þeirra móðurmáli útskýrt út á hvað leikskóla starfið gengur hér á Íslandi, hvað er ætlast til af foreldrum og hvað er í boði fyrir foreldra hjá borginni.

Gefðu 10 er skemmtilegt verkefni sem hefur gagnast börnum sem standa höllum fæti. Þessi tiltekna aðferð er notuð til að skrásetja samveru með þeim börnum sem sækja lítið í aðstoð kennara, eru mjög feimin eða börn af erlendum uppruna sem ekki eru að ná tungumálinu af sjálfu sér og þurfa því aðeins meiri tíma/athygli frá kennurum sínum. Þetta er efni sem við munum vinna með næsta skólaár. Einnig munum við fara í innleiðingu á hæfnisrömmum fyrir börn af erlendum uppruna til að fylgjast með upptöku á íslenskunni.

Í veturnættum við að samhæfa vinnubrögð á milli deilda. Allar deildir byrja dagana sína eins, með morgunmat, samveru, sjónrænu dagskipulagi og þess háttar áður en dagskipulagið byrjar. Á þennan hátt þá fáum við rólega byrjun á deginum, öll börn fá góða útskýringu á hvað sé í vændum. Við ætlum einnig að hafa nokkur þema verkefni yfir veturninn sem verða þvert á leikskólann. En sú vinna verður auðvitað ólík milli deilda þar sem það fer eftir aldri barnanna á deildinni hvernig vinnan verður.

Lubbi er búinn að vera hjá okkur í einhvern tíma og ætlum við að skerpa á þeirri vinnu. Lubbi finnur málbein er verkfæri sem hægt er að styðjast við til að læra íslensku bókstafina og málhljóð þeirra. Má segja að vinna með Lubba sé beinn undirbúnингur fyrir börnin þar sem þau verða svo tekin í Hljóðkerfisprófið Hljóm-2 þegar þau eru komin á elsta ár leikskólans. Þær leiðir sem við þurfum líklega að fara eru að gera hann sýnilegri og markvissari á öllum deildum.

Rakel Ólafsdóttir



5 Innra mat allra deilda

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Sjálfsefling	Að börn séu virkir þáttakendur í skólastarfinu. Að börn hafi áhrif á eigið nám.	Að börnin hafi val um verkefni, efnivið og vinnubrögð. Börnin vinna verkefni sem reyna á sjálfstæði, samvinnu og sköpun.	Stjórnendur og deildastjór ar bera ábyrgð en allt starfsfólk sér um að framkvæma.	Haust 2024	Vor 2025	Metið með samtölum á deildastjórafundum og deildarfundum. Viðtöl tekin við börnin.	Skráningar á verkefnum skoðaðar. Niðurstöður úr viðtölum við börnin.
Deildafundir	Að deildafundir verði haldnir reglulega aðra hvora viku.	Að skipuleggja fundartíma að hausti. Leggja áherslu á að halda fundina þrátt fyrir mögulega manneklu.	Deildastjór ar bera ábyrgð en allt starfsfólk deilda tekur þátt í að gera deildafundi mögulega.	Haust 2024	Vor 2025	Deildafundir eru skráðir/gerð fundargerð.	Fundargerðir skoðaðar og árangur metin á hverri deild
Blær vináttuverkefn i	Að efla vinnu með vináttuverkefn ið Blæ í leikskólanum	Ræðum verkefnið á fundum og skiptumst á hugmyndum um verkefni sem reynast vel. Kynnum okkur hvernig unnið er með verkefnið í öðrum skólum.	Deildastjór ar bera ábyrgð en allt starfsfólk deilda tekur þátt.	Haust 2024	Vor 2025	Viðtöl verða tekin við starfsfólk þar sem ánægja og árangur af verkefninu eru metin. Rýnihópur barna ræðir verkefnið og þau fá að segja frá sinni upplifun á því.	Niðurstöður viðtala við starfsfólk og rýnihópur barna gefa okkur til kynna hvort árangri hafi verið náð.
Bambahús	Að efla og samræma vinnu milli deilda með Bambahús í leikskólanum	Ræðum verkefnið á skipulagsdögum og fáum hugmyndir og ákveðum hvernig best er að nálgast verkefnið. Spyrjum börnin hvernig þau vilja nýta Bambahúsið.	Deildastjór ar bera ábyrgð en allt starfsfólk deilda tekur þátt.	Haust 2024	Vor 2025	Rýnhópur barna ræðir verkefnið og þau fá að segja frá sinni upplifun á því. Deildastjórar og eða starfsfólk svarar spurningalista um hvernig gengið hefur.	Niðurstöður rýnhópa barna og spurningar til starfsfólkus gefa okkur vísbindingu um gæði Bambaverkefnis.



6 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þáttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu hártað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Öll börn með fjármagn eru með einstaklingsnámskrá. Áhersla er lögð á stuðning og þjálfun inn á deild í kringum önnur börn. Áhersla hefur verið lögð á að öll börn tilheyri barnahópnum og allt starfsfólk taki þátt. Skráningarblöð frá greiningarstöð eru mest notuð en annars útbúum við okkar eigin skráningarblöð þegar þess þarf. Sérkennari sér um skráningu í vinnustundum en allir bera ábyrgð á skráningu í hópastarfi.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Notast er við AEPS, HLJÓM-2 og EFI-2, atferlis og félagsfærnilista (stundum TRAS)
Hvaða námsefni var notað? Vorū t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Námsefni er fyrst og fremst útbúið af starfsfólk eftir þörfum, annars er notast mikið við efnivið sem einnig er inni á deildum. Námsgögn voru keypt sem styðja við sérkennslu

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangu r
Fræðsla fyrir stuðningsaðila	Starfsfólk í sérkennslu u fái meiri fræðslu	Hvetja starfsfólk til að taka námskeið, t.d. hjá greiningarstöð	Leikskólastjóri og sérkennslustjór i	Haust 2024	Vor 2025	Skoða hverjir fóru á námskeið og hversu mörg.	Skoða tölur.



7 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þáttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjölyngdra barna ráðstafað?	Einstaklings, par og hópar sem fóru reglulega í málörvun, 3-5x í viku
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Misjafnt eftir deildum. Vantar samræmi, að við séum að vinna með svipuðum hætti á öllum deildum.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Já mikil áhersla á það.
Er fylgst með framförum fjölyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirammar í íslensku fyrir fjölyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Ekki hefur tekist að innleiða notkun á hæfnisrömmum né fylgst nægilega vel með framförum, aðeins skráningarlisti á orðaforða hjá börnum sem fóru í markvissa málörvun. Hér þyrfти kerfisbundinn verkfæri og styttri skráningarlista.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þáttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Deildastjórar og fagfólk eru vakandi fyrir þessum þáttum.

Umbótaáætlun – fjölyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Markviss málörvun á allar deildir	Deildir vinna með sömu þemu	Stjórnendur	Á haustönn 2024	Á vorönn 2025	Meta á deildastjórafundum og svo í lok skólaárs	Deilda- stjórar meta á fundum.



8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á skólaárinu nýttust allir skipulagsdagar mjög vel í skipulagningu starfsins og endurmenntun starfsfólks.

Fyrsti skipulagsdegi skólaársins, þann 29. september voru stjórnendur með innlegg um inngildingu í skólastarfi. Góðar umræður sköpuðust í kjölfarið af þeim.

Á Skipulagsdegi þann 24. nóvember var sérkennslustjóri leikskólans með fyrirlestur um óæskilega hegðun barna og viðbrögð við þeim.

Leikskólastjóri var með kynningu á farsældarlögum barna.

Farið var yfir nýja viðverustefnu Reykjavíkurborgar og markmið hennar kynnt.

Á Skipulagsdegi 26. Janúar var Saga Stephensen með fyrirlestur um börn á flóttu. Sérkennslustjóri var með fyrirlestur um einhverfu.

Skipulagsdagur Menntastefnumót 17. maí Fyrirlestrar í leikskólanum í streymi og af Torginu. Eftir hádegi hafði starfsfólk val um fjölbreytta fyrirlestra í Hagaskóla og Melaskóla.

Sérkennslustjóri fór á námskeið í EFI-2, málþroskaskimun.

Tveir deildastjórar tóku námskeið í stjórnendaþjálfun á vegum SFS í veturn.

Starfsfólk nýtti undirbúningstíma til að hlýða á ýmsa fræðslu á Torginu.

Ekki fóru fram formleg starfsþróunarsamtöl á skólaárinu.

9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfsskóli Björtuhlíðar er Hlíðaskóli. Skólanir eru með þrjá skipulagsdaga á ári sem eru hafðir á sama tíma til hagræðis fyrir foreldra sem eru með börn á báðum skólastigum.

Samstarf leikskólans, fyrsta bekkjar Hlíðaskóla og frístundaheimilis Hlíðaskóla hefur verið eins og hér segir:

- Elsti árgangur barna í Björtuhlíð heimsækir Hlíðaskóla og tekur þátt í kennslustund og nestistíma í 1. bekk.
- Börn í elsta árgangi í Björtuhlíð fá skoðunarferð um Hlíðaskóla.
- Elstu börnum í Björtuhlíð er boðið á leikssýningu í Hlíðaskóla.
- Elstu börnin heimsækja frístundamiðstöð Hlíðaskóla tvívar á vormánuðum.

Í maí, ár hvert funda deildastjóri elstu barna leikskólans og sérkennslustjóri með kennurum og sérkennslustjóra væntanlegra nemenda, þar sem afhentar eru upplýsingar um nemendur til



grunnskóla. Upplýsingar frá leikskólanum eru m.a. niðurstöður úr Hljóm-prófi og greiningar sem kunna að liggja fyrir.

10 Foreldrasamvinna

Í nóvember 2023 var haldin foreldrafundur í Björtuhlíð í Stakkahlíð. Á fundinum voru kosnir fjórir fulltrúar foreldra í foreldraráð. Ekki voru haldnir formlegir fundir en samráð var haft um tímasetningu summarlokunar leikskólans.

Á nóvemberfundinum var haldin aðalfundur foreldrafélags Björtuhlíðar. Kosnir voru fjórir fulltrúar í stjórn. Foreldrafélagið skipulagði summarhátíð leikskólans með starfsfólk skólans og borgaði fyrir leiksýningu og andlitsmálningu fyrir börnин.

Foreldrasamstarf gekk vel á árinu. Foreldrum eldri barna var boðið upp á viðtal að hausti og allar deildir höfðu svo foreldraviðtöl í mars. Foreldrar yngri barna sem innrituð voru um vorið og byrjuðu um haustið fengu boð í viðtal áður en barnið byrjaði í leikskólanum. Deildastjórar eru svo ávallt tilbúnir að setjast niður með foreldrum til að ræða nám og þroska barnanna. Deildastjórar eru í góðri samvinnu við foreldra og veita upplýsingar um starfið í vikulegum póstum.

11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaársins 2024-2025 verða sem hér segir:

- Föstudaginn, 30. ágúst
- Föstudaginn, 27. september er sameiginlegur skipulagsdagur með grunnskólum
- Mánudaginn 2. desember
- Föstudaginn 6. febrúar er sameiginlegur skipulagsdagur með grunnskólum
- Föstudaginn 11. apríl
- Mánudaginn 5. maí er sameiginlegur skipulagsdagur með grunnskólum



12 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 10.1

Starfsáætlun 2024 – 2025

Bjartahlíð

Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs:

Áhugaverð vinnan með Samskiptahringinn og Gefðu 10.

Skýr framsetning í umbótaáætlun og innra mati.

Frábært að fá nemendur til að meta t.d. eftir tannverndarviku, ég hef sjálf fundið hversu mikil áhrif þetta framtak hefur.

Sakna aðeins að ekkert er fjallað um máltíðir og manneldissjónarmiðin þar.

En annars finnst mér hún mjög vel unnin og faglega sett fram.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Guðrún Stella Jónsdóttir

Hilmar Bjarnason

Jón Hjörtur Brjánsson



Fylgiskjal 10.2

Samband íslenskra sveitarfélaga												Leikskólalagatal 2024 - 2025												Nafn leikskóla:		Bjartahlið
ÁGUST		SEPTEMBER		OKTOBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANUAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAI		JUNI						
1 F	1 S	1 H	1 F	Opn Hús	1 S	Fulveldistagurinn	1 M	Hljóndagur	1 L	1 L		1 B	Fornbrautin	1 F	Verkalyðtagurinn	1 S							2 F	2 M	Ríomannistagurinn	
2 F	2 M	Aldögún	2 M	2 L	2 M	Starfslagur	2 P	2 S	2 S	2 M	Bíðar dagur	2 F											3 L	3 M	Sjóðavika	
3 L	3 B		3 F	3 S	3 B		3 P	3 M		3 M	Bottulagur	3 F											4 L	4 M	-	
4 S	4 M	4 F	4 M	Foreldraðin	4 M	Opb milli deilda	4 L	4 B	4 B	4 M	Sprengslagur	4 B											5 M	5 F	-	
5 M	Fristagur verslunarmanns	5 F	5 L	Alþóðud Kennara	5 B	*	5 F	5 S	5 M	5 M	Óskulagur	5 L	*	5 M	Starfslagur (G)	5 F	*						6 B	6 F	Reitir verslunarmanns	
6 H	6 F		6 B	*	6 M	*	6 F	Wólfur meður	6 M	Irftanðan	6 F	Starfslagur (O)	6 F	6 B	6 F								7 L	7 M	Reitir verslunarmanns	
7 M	7 L		7 M	Vísindavika	7 F	*	7 L	7 H	Vatnslagur	7 F	Dagur Vörslurarkans	7 F	7 M	Forstadráttur	7 M								8 L	8 M	Heilusumudagur	
8 F	Ognus eftir sumarhlíð	8 B	Dagur læris	8 H	*	8 J	Barlittlagur þegn enni	8 S	8 M	8 L		8 B	*	8 F		8 B	8 E						9 M	9 F	Aðrar í hvílameð	
9 F	9 M		9 M	*	9 L	9 M	Jónasins	9 F	9 S	9 B		9 M	*	9 F		9 M	9 F						10 L	10 M	Hálfhláðar vika	
10 L	10 B		10 F	*	10 B	10 H	*	10 F	10 M	10 M	10 F	*	10 L										11 B	11 C	Maðradagurinn	
11 B	11 M	11 F	Bleikur dagur	11 M	Foreldraðin	11 M	*	11 L	11 D	Dagur Íslenskra klárnarinn	11 H	11 F	Starfslagur	11 S	11 G	Maðradagurinn	11 M	*					12 M	12 F	Gummihlíður	
12 M	12 F	12 L	12 B	*	12 F	Óskulagur	12 S	12 M	12 M	12 L		12 L		12 M		12 M							13 S	13 F	Pálmasmunudagur	
13 H	13 F	13 S	13 M	*	13 F	13 M		13 F	13 M	13 F	13 F	13 M		13 F		13 S	13 B						14 L	14 M	Öskulagur	
14 M	14 L	14 M	14 F	*	14 L	14 S	14 B	14 F	14 F	14 F	Dagur skúlhárbærar	14 M	Brændelegar leikskóla	14 M								15 L	15 F	15 S		
15 F	15 S	15 B	15 F	Bóldagur	15 S	15 M	15 L	15 L	15 L	15 L	Brændelegar leikskóla	15 F										16 B	16 M	Brændelegar leikskóla		
16 F	16 M	Dagur af Nán-Gráðar	16 M	16 L	Dagur laf, löngu	16 M	16 F	16 S	16 B	16 B	16 B	16 B		16 F		16 F	Öskulagur	16 M	16 B				17 L	17 M	Ljóveldidagurinn	
17 L	17 H	17 F	17 S	17 B	17 H	17 F	Dötadagur	17 M	17 M	Tanrıverdandíka	17 F	Skíldagur	17 L										18 B	18 S	18 M	
18 S	18 M	18 F	18 M	Foreldraðin	18 M	Opb milli deilda	18 L	18 H	18 B	18 B	18 B	18 F	Flótedagurinn langi	18 S										19 M	19 F	19 S
19 M	19 F	19 L	19 B	*	19 F	19 S	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 L		19 M		19 M							20 B	20 F	20 F	
20 H	20 F	20 S	20 M	Dagur mannvættar, hana	20 F	Friðarstund	20 M	20 M	20 F	20 F	20 F	20 B	Pláskadagur	20 H										21 L	21 M	21 L
21 M	21 L	21 M	21 F		21 L	21 L	21 H	21 L	21 M	21 F	Konukraft	21 F	Brakktatagur	21 M	Aðrar í Pláskum	21 M							22 L	22 M	22 S	
22 F	Brændelegar grunnleikkur	22 B	22 H	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 L	22 L	22 L	22 L	22 B		22 M		22 M						23 M	23 F	23 M	
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 M	Írskaknessur	23 F	23 S	23 M	23 M	23 M	23 S	Konuktagur - upphaf Góða	23 B										24 L	24 M	24 L
24 L	24 B	24 F	24 M	Brændelegar leikskóla	24 S	*	24 B	24 F	24 B	24 F	24 B	24 F	Brændelegar fyrsti	24 L										25 S	25 M	25 S
25 S	25 M	25 F	25 F	Brændelegar leikskóla	25 M	25 M	25 L	25 L	25 L	25 L	25 L	25 F	Brændelegar leikskóla	25 B										26 M	26 F	26 M
26 M	Aldögún	26 F	Ervogsi tunguhárlagurinn	26 L	Fyrst vetrarlagur	26 B	26 F	Asmynti viðum	26 S	26 M	26 M	26 L		26 M		26 M		26 F					27 B	27 F	27 F	
27 H	27 F	Starfslagur (G)	27 S	27 M	27 F	Brændelegar leikskóla	27 M	27 F	27 F	27 F	27 F	27 SS		27 F		27 B		27 F					28 M	28 F	28 M	
28 M	28 L	28 M	28 M	Brændelegar leikskóla	28 F	28 L	28 B	28 M	28 F	28 F	28 F	28 M	Pikniktagur	28 M									29 L	29 M	29 S	
29 F	29 B	29 F	Bengtagur	29 H	Admónartíð	29 S	29 M	29 L	29 L	29 L	29 L	29 L	29 B	Bændubús undlu	29 E									30 S	30 F	30 M
30 F	Starfslagur	30 M	30 M	30 L	30 M	Brændelegar leikskóla	30 F	30 F	30 F	30 S	30 M	30 M	Bændubús undlu	30 F									31 L			
31 L				31 F			31 F				31 M		Bændubús undlu													

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfslagur starfsfólk eða frídagur nemenda í grunnskólam en hinir þrír geta verið ýmist háfir dagar. Leikskólagjöld lækkja ekki vegna þessa. Þórr sem dvelja í leikskólam Reykjavíkurborgar taka að lágmárti tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri skvæður, að höfðu samráði við starfsmenn og viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarhlíð eða loki samfellt í tlu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og fristundasvið er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla.



LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST